

HMS

# Löggilding vigtarmanna

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Bjarni Bentsson

[bjarni.bentsson@hms.is](mailto:bjarni.bentsson@hms.is)



Lög og reglugerðir eru til að tryggja réttindi  
vigtarmanna.

Lögin nauðsynleg til að leysa úr ágreiningi og  
vafaatriðum.

Taka á ábyrgð og skyldum.



# Lög nr. 91/2006

- **1. gr.** *Markmið.*

Markmið laga þessara er að tryggja að hér á landi sé notað mælifræðikerfi sem nýtur trausts jafnt innan lands sem utan.

Lögin skulu stuðla að því að mælingar og mælifræðilegar niðurstöður séu réttar og nákvæmar og tryggi réttmæta og örugga viðskiptahætti, verndi hagsmuni neytenda og líf og heilsu borgaranna og stuðli auk þess að réttarvernd og umhverfisvernd.



# Lög nr. 91/2006

## **3. gr. Skilgreiningar.**

- *Alþjóðlega SI-einingakerfið:*
- *Faggilt kvörðunarþjónusta:*
- *Kvörðun:*
- *Löggilding vigtarmanns:*
- *Samræmismat:*
- *Yfireftirlit:*



## Lög nr. 91/2006

### **4. gr. Stjórnsýsla.**

- ***Hlutverk HMS***

...

e. að annast löggildingu vigtarmanna o.fl., sbr. ákvæði VII. kafla;



## Lög nr. 91/2006

- **5. gr. Á Íslandi skal nota alþjóðlega SI-einingakerfið.**

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur ráðherra heimilað að notaðar séu mælieiningar utan alþjóðlega SI-einingakerfisins. Þær skulu þó ávallt hafa viðmiðun í alþjóðlega SI-einingakerfinu.





## Hvað er kíló þungt?





## Lög nr. 91/2006

### **12. gr. Mælitæki í notkun.**

Eigandi mælitækis eða ábyrgðaraðili, ef það á við, ber ábyrgð á að mælitæki í notkun uppfylli ávallt reglur sem kveðið er á um í lögum og reglum settum samkvæmt þeim og er ábyrgur fyrir greiðslu eftirlitsgjalds í samræmi við ákvæði IX. kafla um eftirlitsgjald.



## Lög nr. 91/2006

- Hver ber ábyrgð?
- Í raun sá sem notar vogina.
- Löggildur vigtarmaður á því ekki að nota ólöggilta eða bilaða vog
- Sjá líka 27. gr. *Um sönnunargildi vottorða löggilts vigtarmanns.*



# Lög nr. 91/2006

## 13. gr. Sérkröfur um mælitæki og mælingar til ákveðinna nota.

Eftirlitsskyld mælitæki í notkun eru:

1. Vatnsmælar.
2. Gasmælar.
3. Raforkumælar fyrir raunorku.
4. Varmaorkumælar.
5. Mælikerfi fyrir vökva aðra en vatn.
6. **Vogir.**
7. Gjaldmælar leigubifreiða.
8. Mæliáhöld fyrir lengd og rúmmál.
9. Víddamælitæki.
10. Greiningartæki fyrir útblástursloft.
11. Vogarlóð.
12. Mælitæki fyrir loftþrýsting í hjólbörðum.





## Lög nr. 91/2006

### **13. gr. Sérkröfur um mælitæki og mælingar til ákveðinna nota.**

- Mælitæki önnur en þau sem getið er um í 2. mgr. skulu eigi að síður uppfylla þær sérstöku kröfur sem gerðar eru til mælitækis sem er á sama stað, ef unnt er að nota þau í sama tilgangi.
  - Það er notkunin sem ræður











## Lög nr. 91/2006

### **14. gr. Staðfesting á að mælitæki í notkun og mælingar uppfylli skilyrði laga og reglna.**

Staðfesta skal með löggildingu að mælitæki í notkun uppfylli kröfur eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerðum. Birta skal lista um þessa flokka mælitækja á aðgengilegan hátt.

Eigandi mælitækja eða ábyrgðaraðili mælinga getur þó óskað samþykkis HMS fyrir því að gæðakerfi eða önnur tilhögun formlegs innra eftirlits verði tekin gild í stað löggildingar.

- Gert með innleiðingu á gæðakerfi

## Lög nr. 91/2006

### **15. gr. Tilgreining á niðurstöðum mælinga.**



Hvarvetna þar sem viðskipti fara fram að viðskiptavinum viðstöddum og notuð eru mælitæki sem lög þessi gilda um skal þannig um búíð að viðskiptavinurinn sjái greinilega þegar mæling fer fram og geti lesið mæliniðurstöður fyrirhafnarlaust, sjá þó 16. gr.




## Lög nr. 91/2006

### 16. gr. Magn forpakkaðrar vöru.

- Meðaltalsvigtn
- Sést á mörgum pakkningum.
  - Kaffi
  - Tannkrem
  - Vökvar
- Lítið notað af íslenskum fyrirtækjum





## Lög nr. 91/2006

### **17. gr. Umboð til eftirlits.**

HMS fer með eftirlit samkvæmt lögum þessum. Stofnuninni er þó heimilt að fela öðrum að framkvæma eftirlitið með samningi.

•Þrír aðilar hafa umboð HMS til að löggilda mælitæki. – Skila 25% til HMS af lögg. gjaldi.

- Frumherji hf.
- BSI á Íslandi ehf.
- Löggilding ehf.



## Lög nr. 91/2006

Framkvæmd eftirlits hjá HMS

- Heimsóknir
- Ábendingar
  - Bensín
  - Matvæli/merkingar/Aukapýngd/Vatn
  - Tengist Matvælastofnun
- Gagnagrunnur



## Lög nr. 91/2006

### Ferill mála vegna löggildingaeftirlits

- Tilmæli um að löggilda eigi vog(ir).
  - Vísað í að heimildir til að beita viðurlögum.
- Ákvörðun I.
  - Ákvörðun um að löggilda eigi vog(ir). Viðurlög tilkynnt.
- Ákvörðun II.
  - Ákvörðun um:
    - Dagsektir.
    - Bann við notkun (Innsiglun).
    - Stjórnvaldssektir – Ítrekuð brot.





# Lög nr. 91/2006



NEYTENDASTOFA

**LÖGGILDING  
GILDIR ÚT**

2019	2020		
2021	2022		
1	2	3	4
5	6	7	8
9	10	11	12

Fg.nr. 10



NEYTENDASTOFA

**NÝTT TÆKI  
2019**

**Löggildist  
fyrir lok:**

**2021**



## Lög nr. 91/2006

### **23. gr. Skilyrði til löggildingar vigtarmanns o.fl.**

Löggiltir vigtarmenn geta þeir orðið sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a. eru búsettir hér á landi,
  - b. eru fullra tuttugu ára,
  - c. eru sjálfráða og fjárráða,
  - d. hafa sótt námskeið til löggildingar vigtarmanna og staðist próf.
- 68. gr. hegningarlaga má ekki eiga við.



## Lög nr. 91/2006

- Búsettir hér á landi – Íslensk kennitala.
- Fullra tuttugu ára – Afmælisdagurinn gildir.
  - Sambærilegt í öðrum lögum.
- Sjálfráða og fjárráða – Hafi forræði fyrir sínu búi
  - Sýnt með búforræðisvottorði
  - Fæst hjá næsta héraðsdómstól.
- Hafa sótt námskeið og staðist próf.
- Brot skv. 68. gr. hegningarlaga.
  - Brot opinbers starfsmanns



## Lög nr. 91/2006

- **68. gr.** [Nú fremur opinber starfsmaður refsiverðan verknað og má þá í [sakamáli]<sup>1)</sup> á hendur honum svipta hann heimild til að rækja starfann, ef hann telst ekki lengur verður eða hæfur til þess.
- Á við um brot opinbers starfsmanns
- Sakavottorð nauðsynlegt
- Fæst hjá næsta sýslumanni
- Sýslumanninum í Kópavogi – Höfuðborgarsvæðið.



## Lög nr. 91/2006

- Reglugerð um námskeið.
  - Próf
  - Endurnýjun réttinda
  - Endurmenntunarnámskeið.
  - Starfshættir vigtarmanna.
- Réttindi gilda í 10 ár. Breyttist 2006 – Var 5 ár.
- Bráðabirgðalöggilding
  - Heimild háð samþykki Fiskistofu.
  - Háð skilyrðum.



- Skírteini
- Plastað
- A4 stærð



## Lög nr. 91/2006

### **24. gr. Prófnefnd, námskeið og próf.**

- Hefur umsjón með prófi til löggildingar vigtarmanna.
  - HMS sér um framkvæmd námskeiða.
- Öryggisventill ef próftaki er ósáttur við prófniðurstöðu.
- Getur heimilað þátttöku á endurmenntunarnámskeið – Réttindi runnu út 3 – 5 árum áður.
- > 5 ár – Þá almennt námskeið.





## Lög nr. 91/2006

### Reglugerð nr. 441/2010 um vigtarmannanámskeið.

#### 1. gr. *Gildissvið.*

- Reglugerð þessi tekur til námskeiða til löggildingar vigtarmanna sem haldin eru á ábyrgð HMS ásamt prófum, endurnýjunar réttinda, endurmenntunarnámskeiða og starfshátta vigtarmanna.

#### 8. gr. *Reglur um próf.*

- HMS ber ábyrgð á prófum.

## Lög nr. 91/2006

- **25. gr. Fullgild vottorð.**

Vottorð löggiltra vigtarmanna teljast vera fullgild ef í þeim koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- a. nafn verkbeiðanda, staður og dagsetning;
- b. gildi töru;
- c. þyngd þess sem vegið var og hvað var vegið;
- d. tilvísun til þeirrar vogar sem vigtað var á;
- e. númer ökutækis, þegar það á við;
- f. nafn löggilts vigtarmanns og undirritun hans, svo og nafn lögaðila sem hann starfar hjá, þegar það á við;
- g. aðrar upplýsingar sem krafist er samkvæmt ákvæðum sérlaga og reglna settra samkvæmt þeim, eftir því sem við getur átt

# Stimpill og undirskrift

An oval-shaped official stamp with the text "LÖGGILTUR" at the top and "VIGTARMADUR" at the bottom. A handwritten signature in blue ink, "Sigurður H. Magnússon", is written across the stamp.

An oval-shaped official stamp with the text "LÖGGILTUR" at the top and "VIGTARMADUR" at the bottom.



## Lög nr. 91/2006

### **26. gr. Um starfsskyldur vigtarmanns.**

Löggiltur vigtarmaður ber ábyrgð á vigtun sem hann vottar í samræmi við viðurkennda starfshætti þeirrar vigtunaraðferðar sem notuð er hverju sinni.

Í því felst að löggiltur vigtarmaður skal sjálfur vera viðstaddur vigtun, hann tryggir alla framkvæmd hennar og staðfestir hana með undirritun sinni á vigtarvottorð sem hann ber ábyrgð á í samræmi við lög og reglur settar samkvæmt þeim.



## Lög nr. 91/2006

- Löggiltur vigtarmaður ber ekki ábyrgð á að allur afli sem kemur að landi sé vigtaður.
  - Hefur ekki valdheimildir.
  - Skipstjóri ber ábyrgð á að allur afli upp úr skipi sé vigtaður.
- Löggiltur vigtarmaður ber ábyrgð á vigtun sem slíkri og skal hún vera rétt framkvæmd.



## Lög nr. 91/2006

- **27. gr. Um sönnunargildi vottorða löggilts vigtarmanns.**

Fullgilt vottorð löggilts vigtarmanns er sönnun um þyngd þess sem vegið var og hvað var vegið. Í stjórnvaldsfyrirmælum er unnt að tilgreina að ákveðin störf skuli unnin af löggiltum vigtarmönnum.

HMS setur nánari reglur<sup>1)</sup> að fenginni umsögn fagraðs, sbr. 35. gr., um almennt og sérstakt hæfi löggiltra vigtarmanna, þ.m.t. hvaða störf séu ósamrýmanleg störfum löggiltra vigtarmanna o.fl.

<sup>1)</sup>Reglur nr. 650/2007.



## Lög nr. 91/2006

- Hæfisreglur nr. 650/2006
- Til að tryggja hlutleysi. Í frumvarpi er sérstaklega lögð áhersla á hlutleysi hafnarvigtaarmanna



## Lög nr. 91/2006

### **27. gr. Um sönnunargildi vottorða löggilts vigtarmanns.**

- Vigtarmaður verður að nota löggilta vog til að tryggja að vigtun sé rétt framkvæmd.
- Ákveðin störf unnin af löggiltum vigtarmönnum.
  - Vigtun sjávarafli. – Krafa skv. reglugerð.
  - Ekki krafa skv. lögum varðandi aðra vigtun.
    - Lögreglan.
    - Móttökustöðvar sorps.
    - Verktakar – t.d. jarðvinnu- og malbikunarverktakar.
    - Skipafélög – Þó ef sjávarafli er vigtaður.
    - Aðrir.



## Lög nr. 91/2006

- **28. gr. Svipting löggildingar o.fl.**
- Brot á reglum um starfsskyldur vigtarmanns eru grundvöllur tafarlausrar sviptingar réttinda löggilts vigtarmanns. Hið sama á við um ásetningsbrot um fölsun vigtunarvottorða. Um málsmeðferð og úrskurð um sviptingu samkvæmt þessari grein skal farið eftir ákvæðum [stjórnsýslulaga, nr. 37/1993](#).

## Lög nr. 91/2006

- **28. gr. Svipting löggildingar o.fl.**

Brot á reglum um starfsskyldur vigtarmanns eru grundvöllur tafarlausrar sviptingar réttinda löggilts vigtarmanns. Hið sama á við um ásetningsbrot um fölsun vigtunarvottorða. Um málsmeðferð og úrskurð um sviptingu samkvæmt þessari grein skal farið eftir ákvæðum [stjórnsýslulaga, nr. 37/1993](#).

## Lög nr. 91/2006

- Nú er einstaklingur sviptur réttindum löggilts vigtarmanns vegna brota er varða við XVII. kafla almennra hegningarlaga og getur hann þá eigi setið námskeið að nýju og tekið próf fyrr en að tveimur árum liðnum frá dagsetningu úrskurðar um sviptingu réttindanna nema mál hans sé látið niður falla af hálfu saksóknara eða máli hans lokið með sátt eða dómi. **Leyfissviptingu má kæra til áfrýjunarnefndar neytendamála**, sbr. [lög nr. 62/2005](#), um Neytendastofu og talsmann neytenda. Kærufrestur er 30 dagar og verður mál ekki borið undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar liggur fyrir.

## Lög nr. 91/2006

- Grunur um brot.
  - Mest frá Fiskistofu.
- Tilkynning um mál til meðferðar.
- Andmæli.
- Ákvörðun.
- Áminning algengust.
- Fara á eftir ákvæðum stjórnarsýslulaga.
- Allar ákvarðanir HMS kærarlegar til áfrýjunarnefndar neytendamála.

## Lög nr. 91/2006

- Eitt til fimm brot á ári
- Fiskistofa beitir viðurlögum til atvinnurekanda (endurvigtunarhafa).
- HMS beitir löggiltan vigtarmann viðurlögum.



## Lög nr. 91/2006

- **XVII. kafli. Skjalafals og önnur brot, er varða sýnileg sönnunargögn.**
- **155 gr. – 163. gr.**
- Skjalafals
- Eitthvað tilgreint ranglega.
- Misnotkun á opinberum stimpli eða merki.
- Notað í atvinnuvegi sínu röng mælitæki eða vogaráhöld til að blekkja aðra í víðskiptum.
- Rangfæring á sönnunargögnum.



## Lög nr. 91/2006

- **40. gr. Stjórnvaldssektir.**
  - ef um ítrekuð brot er að ræða
- **41. gr. Refsingar.** – Getur gilt um notkun voga og lögg. vigtarmann.
  - Fésektir eða fangelsi.
- **Allar ákvarðanir NEST kæranlegar**



# Reglur og reglugerðir



## Reglur nr. 650/2007

### **REGLUR um almennt og sérstakt hæfi löggiltra vigtarmanna.**

- Reglur samsvarandi reglugerð
  - Gert af stofnun en ekki ráðuneyti.
- Til að tryggja hlutleysi vigtarmanns
- Takmarkanir vegna:
  - Starfa
  - Eignaraðild
  - Fjölskyldutengsla



## Reglur nr. 650/2007

### ***3. gr. Almenn neikvæð hæfisskilyrði.***

- Gildir fyrir hafnarvigtarstarfsmenn.
  - Takmarkanir á öðrum störfum í aðal- eða aukastarfi.
  - Takmarkanir vegna eignaraðildar.
  - Hægt að sækja um undanþágu fyrir fámenn byggðarlög.
  - Ákveðin skilyrði + umsögn Fiskstofu.



## Reglur nr. 650/2007

### **4. gr. Eignaraðild.**

- Gildir um alla
- Hlutfé minna en 5%.
- Hlutfé tengdra aðila minna en 50%.
- Gildir ekki um þriðja aðila t.d. fiskmarkaði.
  - Ef engin eignaraðild er um að ræða.



## Reglur nr. 650/2007

### ***5. gr. Sérstök hæfisskilyrði.***

- Takmarkanir vegna:
  - Tengsla
  - Fjölskyldutengsla (vensla)
  - Annað ef það á við.
  
- Hægt að fá álit HMS.



# Mælifræðilegt eftirlit



## Reglugerð nr. 254/2009

### **REGLUGERÐ um mælifræðilegt eftirlit með ósjálfvirkum vogum.**

- Löggildingarskylda
  - Sala í viðskiptum og iðnaði





## Reglugerð nr. 254/2009

### **REGLUGERÐ um mælifræðilegt eftirlit með ósjálfvirkum vogum.**

- A. Fyrsta notkun.
- B. Löggildingarskyldar vogir.
- C. Hámarksfrávik.
- D. Tíðni löggildinga.
- E. Afturköllun löggildinga.



## Reglugerð nr. 254/2009

### 4. gr. Fyrsta notkun og merking.

- Ný vog. Einungis heimilt að taka í notkun ef vog uppfyllir öll skilyrði
  - CE merking
  - M – merki.
  - Samræmismat og gerðarviðurkenning
  - Innsigli
  - Rétt þyngdarsvið
  - Á ábyrgð eiganda



## Reglugerð nr. 254/2009



CE Mark



China Export



# Reglugerð nr. 254/2009

## 5. gr. Löggildingarskyldar vogir.

- Verslunarviðskipti
- Útreikningar
- Sala til almennings.
- Annað



## Reglugerð nr. 254/2009

- **10. gr. Mestu leyfðu skekkjur.**

**TAFLA 1**  
Mestu leyfðu skekkjur við löggildingu.

Hleðsla m				Mesta leyfða skekkja
Flokkur I	Flokkur II	Flokkur III	Flokkur IV	
$0 \leq m \leq 50.000 \text{ e}$	$0 \leq m \leq 5.000 \text{ e}$	$0 \leq m \leq 500 \text{ e}$	$0 \leq m \leq 50 \text{ e}$	$\pm 0,5 \text{ e}$
$50.000 \text{ e} < m \leq 200.000 \text{ e}$	$5.000 \text{ e} < m \leq 20.000 \text{ e}$	$500 \text{ e} < m \leq 2.000 \text{ e}$	$50 \text{ e} < m \leq 200 \text{ e}$	$\pm 1,0 \text{ e}$
$200.000 \text{ e} < m$	$20.000 \text{ e} < m \leq 100.000 \text{ e}$	$2.000 \text{ e} < m \leq 10.000 \text{ e}$	$200 \text{ e} < m \leq 1.000 \text{ e}$	$\pm 1,5 \text{ e}$

# Heimiluð hámarksfrávik

## Heimiluð hámarksfrávik skv. Viðauka við reglugerð 616/2000 - Tafla 3

### Forsendur:

Ósjálfvirk vog	60.000 Kg.
Skerðing - e (lögdeiling)	10 Kg.
Nákvæmnisflokkur	III

	a)				b)			
Þyng lóðar	500	1.000	2.500	5.000	7.000	10.000	15.000	20.000
Skerðing - e	10	10	10	10	10	10	10	10
m - Hleðsla (þyngd lóðar/skerðingu)	50	100	250	500	700	1.000	1.500	2.000
Heimilað hámarksfrávik I - Við löggildingu - Gildi	+/-0,5e	+/-0,5e	+/-0,5e	+/-0,5e	+/-1,0e	+/-1,0e	+/-1,0e	+/-1,0e
Heimilað hámarksfrávik II - Í notkun - Gildi	+/-1,0e	+/-1,0e	+/-1,0e	+/-1,0e	+/-2,0e	+/-2,0e	+/-2,0e	+/-2,0e
Heimilað hámarksfrávik I - Við löggildingu [kg.]	+/- 5 kg.	+/- 5 kg.	+/- 5 kg.	+/- 5 kg.	+/- 10 kg.	+/- 10 kg.	+/- 10 kg.	+/- 10 kg.
Heimilað hámarksfrávik II - Í notkun [kg.]	+/- 10 kg.	+/- 10 kg.	+/- 10 kg.	+/- 10 kg.	+/- 20 kg.	+/- 20 kg.	+/- 20 kg.	+/- 20 kg.
Hámarksmunur á milli nema við löggildingu í [kg.]	10 kg.				20 kg.			
Hámarksmunur á milli nema í notkun [kg.]	20 kg.				40 kg.			

## Heimiluð hámarksfrávik

- DÆMI:
- Notað er 5 tonna lóð.
- Notað er 20 tonna lóð.
- Ef notað er 5 tonna lóð má sjá að heimilað hámarksfrávik við löggildingu er +/- 0,5e og +/- 1,0e við notkun. Hámarksfrávik í þyngd við löggildingu má ekki fara yfir 10 kg. og 20 kg. við notkun.
- Ef notað er 20 tonna lóð má sjá að heimilað hámarksfrávik við löggildingu er +/- 1,0e og +/- 2,0e við notkun. Hámarksfrávik í þyngd við löggildingu má ekki fara yfir 20 kg. og 40 kg. við notkun.

## Reglugerð nr. 254/2009

- Algengt  $\pm 1,0e$
- $\Rightarrow$  ef skerðing er 1 kg.
- $\Rightarrow$  Stillingamörk =  $\pm 1$  Kg.
- $\Rightarrow$  Við notkun =  $\pm 2$  kg.





## Reglugerð nr. 254/2009

### **14. gr. Prófunarkröfur við löggildingar.**

- Lágmarksmerkingar:
  - Gerð vogar.
  - Hámarksgeta.
  - Lágmarksgeta.
  - Skerðingargildi.
  - Raðnúmer.



## Reglugerð nr. 254/2009

### **16. gr. Gildistímar löggildinga og samþykki þjónustuaðila.**

- Gildistími löggildinga tvö ár – eitt ár fyrir bílavogir.
- Löggilding fellur úr gildi ef:
  - Vog bilar.
  - Innsigli er rofið.
  - Viðgerð er framkvæmd á voginni sem áhrif getur haft á mæliniðurstöður hennar.
  - Vog er flutt á annað þyngdarsvæði en hún var löggilt eða stillt fyrir.
  - Skekkja er meiri en tvöföld mesta leyfða skekkja samkvæmt töflu 1 í 10. gr.

## Reglugerð nr. 254/2009

### 16. gr. frh.

- Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. er þjónustuaðila, sem HMS samþykkir, heimilt að rjúfa innsigli og annast minni háttar viðgerðir án þess að löggilding falli úr gildi.
- Þjónustuaðilinn skal innsigla vogina að nýju með auðkenni sínu og senda HMS skýrslu um hvað var gert.

# Reglugerðir 876/2016 og 877/2016



## Reglugerð nr. 876/2016

### **REGLUGERÐ um innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2014/32/ESB um mælitæki.**

- Fjallar um mælifræðilegar kröfur sem gerðar allra annarra mælitækja en ósjálfvirka voga. Sambærileg reglugerð nr. 877/2016 um ósjálfvirkar vogir.
- **Gildir um öll önnur mælitæki en ósjálfvirkar vogir.**
  - Svipar til reglugerðar nr. 877/2016 um ósjálfvirkar vogir.




## Reglugerð nr. 877/2016

- Vogirnar skulu standast mælifræðilegar kröfur innan þeirra hitamarka sem framleiðandi tilgreinir. Gildi þessara marka skal að minnsta kosti vera jafnt:
  - 5°C fyrir vog í I. flokki,
  - 15°C fyrir vog í II. flokki,
  - 30°C fyrir vog í III. eða IIII. flokki.
- Ef framleiðandi hefur ekki tilgreint hitamörk gilda hitamörkin -10°C til +40°C.
















## Reglugerðir



## Reglugerð nr. 955/2006

### **REGLUGERÐ nr. 955/2006 um löggildingartákn og merkingar eftirlitsskyldra mælitækja**

- Fjallar um þær merkingar sem gilda í dag.





# Reglugerð nr. 1160/2011

## **REGLUGERÐ um mælieiningar.**

- SI einingarkerfið ráðandi.
- Viðbótarmerkingar
  - Mögulegt að nota annað einingarkerfi með.



# Reglugerð nr. 441/2010

## **Reglugerð um vigtarmannanámskeið**

- Réttindi
- Námskeið
  - Alm. námskeið
  - Endurmenntunarnámskeið
- Endurnýjun réttinda



# Reglugerð nr. 441/2010

- **Endurnýjun réttinda**
  - Réttindi útrunnin =>
    - Ef > 5 ár – Almenn námskeið.
    - Ef < 5 ár og > 3. ár. Hægt að sækja um undanþágu til Prófnefndar. Annars alm. námskeið.
    - Ef > 3 ár. - Endurmenntunarnámskeið.



HNYS